



13. júní 2022
Tilv.: 2206025

Dreifibréf númer: 18/2022
til fjármálafyrirtækja og samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um innleiðingu reglugerða (ESB) samkvæmt CRD/CRR

Seðlabanki Íslands hefur gefið út sex umræðuskjöl, nr. 3 – 8/2022, sem innihalda drög að reglum til að innleiða reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) um tæknilega staðla sem settar eru samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB (CRD) og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR). Reglurnar verða settar með stoð í 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Innleiðing reglugerðanna er háð því að frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki), sem nú er til meðferðar á Alþingi. sbr. 533. mál, verði samþykkt. Í frumvarpinu er lagt til að löggin taki gildi 1. júlí nk. Þó er lagt til að 140. gr. frumvarpsins, sem fjallar um reglusetningarheimildir Seðlabankans, taki þegar gildi svo bankinn geti gefið út reglur til innleiðingar á reglugerðunum. Gert er ráð fyrir því að reglurnar taki ekki gildi fyrr en 1. júlí, samhliða gildistöku annarra ákvæða laganna.

Með dreifibréfi þessu gefur fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjölum berist eigi síðar en 21. júní nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjölum. Umsagnareyðublöð skulu senda á netfangið: skjalasafn@sedlabanki.is.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir

